

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 24. maí 2017 í málinu nr. E-2472/2016:

Lánasjóður íslenskra námsmanna

(Sigurbjörn Þorbergsson hrl.)

gegn

Guðrúnu Axelsdóttur

(Jóhannes Stefán Ólafsson hdl.)

Málið er höfðað 9. ágúst 2016 af Lánasjóði íslenskra námsmanna, [...] gegn Guðrúnu Axelsdóttur, [...]

Mál þetta var upphaflega einnig höfðað á hendur Guðmundi R. Lúðvíkssyni, [...] og Sigríði Kristínu Eysteinsdóttur, [...] en þau luku málinu með dómsátt við stefnanda 6. september 2016. Málið var dómtekið eftir endurflutning þess 8. maí sl.

Stefnandi krefst þess að stefnda Guðrún verði dæmd til að greiða stefnanda 2.337.533 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 39.252 krónum frá 1. mars 2013 til 1. september 2013, af 39.848 krónum frá þeim degi til 1. mars 2014, af 80.191 krónu frá þeim degi til 11. maí 2014, af 2.752.504 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu, að viðbættum virðisaukaskatti.

Stefnda krefst aðallega sýknu en til vara að kröfur stefnanda á hendur stefndu verði lækkaðar verulega. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnanda, að viðbættum virðisaukaskatti.

I.

Krafa stefnanda er til komin vegna námslána Guðmundar R. Lúðvíkssonar sem hann tók hjá stefnanda. Að sögn stefnanda var krafan tryggð með sjálfskuldarábyrgð Sigríðar Kristínar Eysteinsdóttur sem var í ábyrgð fyrir 55,16% skuldarinnar og stefndu sem er í ábyrgð fyrir 44,84% skuldarinnar. Skuldin varð til með umsókn Guðmundar um námslán og útgáfu tólf skuldabréfa á árunum 1988-1991.

Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna eru lánin verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram. Endurgreiðsla skyldi hefjast þremur árum eftir námslok en stjórn stefnanda skyldi ákveða hvað teldust vera námslok í þessu sambandi. Árleg endurgreiðsla skyldi fara fram í tvennu lagi eftir nánari ákvæðum þar um. Þá eru samhljóða ákvæði í skuldabréfunum um að endurgreiðslum skyldi ljúka ekki síðar en 40 árum eftir að þær hæfust og séu eftirstöðvar lánsins þá óafturkræfar, sbr. þó ákvæði 11. gr. þágildandi laga nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki. Endurgreiðslur skyldu standa yfir í fimm ár hið skemmsta. Þá segir að stjórn stefnanda sé „heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum lánþega milli ára.“

Að loknu námi Guðmundar voru, að sögn stefnanda, veitt námslán sameinuð og gefið nýtt sameiginlegt númer, S-941652. Stefnandi kveðst hafa haft þá vinnureglu, til hagræðis bæði fyrir sig og lántaka, að reikna og krefja um greiðslu afborgana T-skuldabréfanna allra í einu þar sem gjalddagi og afborganir þessara skuldabréfa reiknist allar á sama gjalddaga og afborganir þeirra allra eigi að byrja á sama tíma. Þetta er að sögn stefnanda gert með því að reikna öll T-skuldabréfin upp til sömu

vísitölu og innheimta sem sameinað lán S-941652 í tilviki stefndu. Þessi aðferð við innheimtu námslána sem voru veitt samkvæmt lögum nr. 72/1982 á að mati stefnanda stoð í 2. mgr. 29. gr. reglugerðar nr. 578/1982 um námslán og námsstyrki. Endurgreiðslur T-skuldabréfa áttu að hefjast þremur árum eftir námslok samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 72/1982. Námslok Guðmundar vegna náms í myndlist við MHÍ voru að sögn stefnanda á árinu 1991. Stefnandi reiknaði því lánið upp til sameiginlegrar lánskjaravísitölu í janúar 1994 sem var 3343 stig. Stefnda kveður að hún hafi ekki verið upplýst um þessa sameiningu eða gefinn kostur á að tjá sig um hana.

Þau skuldabréf sem stefnda undirritaði sem sjálfskuldarábyrgðarmaður eru eftirfarandi:

| Númer | Upphaflegur höfuðstóll | Vísitala skuldabréfs | Grunnvísitala útreiknings v. sameiningar | Uppfærður höfuðstóll m.v. vísitölu útreiknings v. sameiningar |
|----------|------------------------|----------------------|--|---|
| T-101705 | 74.859 kr. | 1977 | 3343 | 126.583 kr. |
| T-102658 | 66.900 kr. | 1989 | 3343 | 112.442 kr. |
| T-109058 | 23.250 kr. | 2051 | 3343 | 37.978 kr. |
| T-114022 | 19.831 kr. | 2264 | 3343 | 29.282 kr. |
| T-114644 | 259.432 kr. | 2312 | 3343 | 375.122 kr. |
| T-114854 | 14.252 kr. | 2272 | 3343 | 20.970 kr. |
| T-126614 | 73.995 kr. | 2433 | 3343 | 101.671 kr. |
| T-126900 | 104.000 kr. | 2475 | 3343 | 140.474 kr. |

Stefnda rekur að Guðmundur hafi beðið hana um að undirrita skjöl til þess að hann gæti fengið námslán frá stefnanda, en þau voru að hennar sögn í sambúð á árunum 1984 til 1990 og eignuðust barn saman árið 1985. Stefnda kveðst hafa undirritað þessi skjöl án þess að gera sér fyllilega grein fyrir því hvað það hefði í för með sér. Stefndu hafi fyrst orðið það ljóst að hún hafi undirritað skuldabréfin sem ábyrgðarmaður þegar hún hafi fengið innheimtuviðvörðun vegna skuldbindinga Guðmundar í mars 2013. Stefnda kveðst fram að þeim tíma ekki hafa fengið upplýsingar um stöðu ábyrgða þeirra sem málið snýr að eða aðrar upplýsingar um lánveitingarnar eða endurheimtur þeirra.

Stefnandi gerði Guðmundi að endurgreiða 51.614 krónur vegna ofgreiðslu námsláns til hans vegna skuldabréfs nr. T-170989 á árinu 1990. Höfuðstóll þess skuldabréfs varð að sögn stefnanda við útreikning sameinaðs S-láns 397.568 krónur, í stað 449.182 króna. Upphaflegur höfuðstóll námsláns nr. S-941652 reiknist þá vera 2.048.669 krónur.

Guðmundur hóf nám að nýju í ágúst 1993 í Hollandi. Hann sótti um námslán hjá stefnanda vegna þessa nýja náms en á þeim tíma höfðu lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna tekið gildi. Guðmundur ritaði undir skuldabréf nr. R-008156 vegna þess láns. Stefnandi veitti Guðmundi undanþágu frá árlegri endurgreiðslu þess S-láns sem ofan greinir á meðan hann var við nám í Hollandi og kveður stefnandi það hafa verið gert með heimild í 5. mgr. 8. gr. laga nr. 72/1982, sbr. einnig 6. mgr. 8. gr. laga nr. 21/1992. Liggur fyrir að ella hefðu afborganir umrædds S-láns átt að hefjast 1. mars 1994. Námslok Guðmundar í Hollandi eru skráð hjá stefnanda 31. janúar 1995 og mun fjárhæð námslánsins þá hafa verið færð á skuldabréfið nr. R-008156, sbr. 15. gr. þágildandi reglugerðar nr. 210/1993.

Fyrsti gjalddagi umrædds S-láns eftir námslok Guðmundar í Hollandi var 1. mars 1996 og að sögn stefnanda innti stefndi þá afborgun af hendi. Stefnandi rekur að vegna fyrirmæla 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 hafi endurgreiðsla síðara námslánsins átt að hefjast 1. mars 1997. Á grundvelli 18. gr. sömu laga frestaði stefnandi innheimtu S-láns Guðmundar á meðan R-lánið var í innheimtu. Stefnandi kveður að R-lánið hafi farið í vanskil frá 1. mars 2009. R-lánið var ekki gjaldfellt af stefnanda heldur var Guðmundur ásamt ábyrgðarmanni krafinn um greiðslu hvernar afborgunar en síðasta reiknaða afborgun þess láns var 1. mars 2012. Að sögn stefnanda var innheimta R-lánsins árangurslaus. Stefnandi setti S-lán Guðmundar í innheimtu þegar allir gjalddagar R-lánsins höfðu verið reiknaðir. Fyrsti gjalddagi S-lánsins eftir þessa frestun innheimtu var 1. mars 2013 og féll lánið þegar í vanskil. Stefnandi gjaldfelldi lánið 11. apríl 2014. Eftirfarandi er sundurliðun á kröfu stefnanda:

| Gjalddagi / Gjaldfelling | Upphæð |
|--------------------------|------------|
| 1. mars 2013 | 71.161 kr. |

| | |
|-------------------|---------------|
| 1. september 2013 | 1.081 kr. |
| 1. mars 2014 | 73.138 kr. |
| 11. apríl 2014 | 4.844.657 kr. |

Alls séu þetta 4.990.037 krónur. Stefnandi telur að stefnda beri sjálfskuldarábyrgð á 44,84% skuldarinnar, eða 2.337.533 krónum.

II.

Stefnandi byggir á því að með áritun sinni um greiðsluloforð á T-lána skuldabréfin hafi Guðmundur R. Lúðvíksson skuldbundið sig til að greiða skuldina í samræmi við skilmála skuldabréfanna. Þá telur stefnandi að stefnda hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu framangreindra lána, í samræmi við skilmála þeirra og fyrirmæli laga nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

Stefnandi telur að hann jafnt sem stefndu séu bundin af fyrirmælum 18. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sbr. einnig fyrirmæli 25. gr. reglugerðar nr. 210/1993 um Lánasjóð íslenskra námsmanna og grein 7.6 í úthlutunarreglum stefnanda. Krafa stefnanda hafi ekki orðið gjaldkræf fyrr en R-lán Guðmundar hafi átt að vera að fullu greitt. Krafa stefnanda sé ófyrnd að lögum, sbr. 5. gr. laga nr. 14/1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Stefnandi fullyrðir að stefnda sé bundin af ábyrgðarloforði sínu, en ábyrgð hennar skyldi standa í 40 ár frá því innheimta kröfu stefnanda hófst þann 1. mars 1996. Greiðslufrestur sem veittur var á námslán sem stefnda var í ábyrgð fyrir hafi ekki aukið áhættu hennar umfram það sem hún hafi mátt búast við er hún gekkst í ábyrgð sína. Greiðslufrestur hafi fyrst verið veittur á S-láni Guðmundar í tvö ár samkvæmt heimild í 6. mgr. 8. gr. laga nr. 72/1982 vegna síðara náms hans. Greiðslufrestur á S-láni Guðmundar hafi síðar verið samkvæmt ófrávíkjanlegum fyrirmælum 18. gr. laga nr. 21/1992. Bæði stefnandi og stefnda séu bundin af lögum sem Alþingi setji og greiðsluskylda samkvæmt ábyrgðarloforðum sem krafa stefnanda byggi á standi óhöggud meðan 40 ára gildistími ábyrgðarloforðanna sé

enn virkur.

Til vara byggir stefnandi á því að fjárhagsleg staða Guðmundar hafi í engu versnað frá því sem var þegar stefnda gekkst í ábyrgð fyrir námsláni hans. Guðmundur hafi þá verið eignalaus og hafi tekið námslán til framfærslu fjölskyldu sinnar. Stefndu hafi verið það ljóst. Guðmundur hafi fengið aukin námslán til framfærslu dóttur hans og stefndu. Greiðsluskylda stefndu standi óhöggud, enda hafi ábyrgðarloforð hennar staðið til allt að 40 ára.

Krafa um dráttarvexti byggir á því að stefndu beri að greiða dráttarvexti frá gjalddaga samkvæmt skilmálum skuldabréfsins og af gjaldfelldum eftirstöðvum höfuðstóls að liðnum 30 dögum frá því að stefndu var send tilkynning þar að lútandi. Stefnda hafi átt þess kost að koma námsláni Guðmundar í skil í kjölfar tilkynningar um gjaldfellingu hefði vilji hennar staðið til þess. Til vara byggir stefnandi á því að dráttarvextir reiknist að liðnum 30 dögum frá því stefnda vanefndi greiðsluloforð sitt með sjálfstæðum hætti.

Stefnandi rekur málið sem skuldabréfamál eftir ákvæðum XVII. kafla laga nr 91/1991, um meðferð einkamála með vísan til ákvæða allra T-skuldabréfanna. Stefnandi vísar til meginreglu kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga og til meginreglna kröfuréttar um ábyrgðarskuldbindingar og skyldur ábyrgðarmanna. Þá vísar stefnandi til laga nr. 72/1982, einkum 1. gr., 6. gr. 7. gr. og 8. gr., og til laga nr. 21/1992, einkum II. kafla laganna og 18. gr. Þá vísar stefnandi til reglugerðar nr. 210/1993, aðallega 25. gr. Þá vísar stefnandi til fyrir mæla í úthlutunarreglum stefnanda fyrir námsárið 1993-1994 og síðar um endurgreiðslur eftir fleiri en einu námslánakerfi um forgang innheimtu R-lána gegn lánnum samkvæmt lögum nr. 72/1982. Krafa um vexti og dráttarvexti styðjist við reglur III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafa um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðjist við lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur.

III.

Stefnda byggir aðalkröfu sína á því að upprunalegir skilmálar T-skuldabréfanna gildi um þær skuldbindingar Guðmundar sem hún hafi gengist í ábyrgð fyrir. Stefnandi hafi ekki getað með einhliða aðgerð sameinað skuldbindingarnar í eitt lán, svo sem virðist gert ráð fyrir í stefnu. Ábyrgðarmenn, þar með talið stefnda, hafi ekki verið hafðir með í ráðum við þá aðgerð og hafi ekki undirritað nýja lánagjörninga. Aðeins geti því verið um að ræða innheimtuaðferð sem stefnandi, sem lánveitandi, kjósi að flokka sem „S-lán“. Með hliðsjón af því gildi upprunalegir skilmálar um T-lánin, meðal annars um innheimtu lánanna og gildi ábyrgða. Að öðru leyti ráðist réttarstaða lánanna af ákvæðum laga nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki, eins og þau voru, þegar til ábyrgðanna var stofnað.

Samkvæmt skilmálum T-skuldabréfanna og ákvæðum laga nr. 72/1982 skyldi endurgreiðsla lána til Guðmundar hefjast þremur árum eftir námslok. Skuldabréfin skyldu þar að auki endurgreidd með tveimur nánar tilgreindum afborgunum á ári uns þau yrðu að fullu greidd. Stjórn LÍN væri að vísu heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu ef skyndilegar og verulegar breytingar yrðu á högum lánþega á milli ára. Engan annan fyrirvara hafi verið að finna um frestun endurgreiðslna, hvorki í skilmálum T-skuldabréfanna né í lögum nr. 72/1982 og ekki sé byggt á því í stefnu að slíkar ástæður hafi valdið frestun innheimtu T-lánanna allt til ársins 2013. Miðað við námslok Guðmundar hafi fyrsti gjalddagi af T-lánunum, sameinuð undir innheimtu sem S-lán, myndast þann 1. mars 1996.

Stefnandi hafi frestað innheimtu S-lánsins á árunum 1996-2013 með vísan til 2. mgr. 18. gr. laga nr. 21/1992. Hvað sem líði fyrir mælum þess ákvæðis geti ákvörðun stefnanda, um að setja R-lán í innheimtu framar T-lánum, ekki haft þau áhrif að ábyrgð stefndu framlengist sjálfkrafa. Í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 21/1992 séu engin ákvæði þess efnis að ábyrgðir fyrir eldri skuldbindingum haldist í fullu gildi og óbreyttar þrátt fyrir fyrrgreinda frestun á endurgreiðslu þeirra. Engar vísendingar sé heldur að finna um það í lögskýringargögnum að til þess hafi verið ætlast. Því séu fyrir mæli ákvæðisins óskuldbindandi fyrir ábyrgðarmenn, nema þá að fyrir hendi hafi legið samþykki þeirra fyrir framlengingu á ábyrgðum þeirra með frestun innheimtu eldri lána og samhliða forgangi á innheimtu yngri R-lána. Hafi það verið vilji löggjafans að ákvæði 2. mgr. 18. gr. laga nr. 21/1992 myndi

skuldbinda ábyrgðarmenn eldri lána um ófyrirsjáanlega framtíð hefði verið nauðsynlegt að skilyrða ákvæðið við það að samþykki ábyrgðarmanna fengist fyrir frestun afborgana samkvæmt skilyrðum ákvæðisins. Ástæður þessa séu þær að ákvæðið feli í sér aukna áættu fyrir ábyrgðarmenn eldri lána. Í fyrsta lagi aukist áhætta þeirra vegna þess að ábyrgðartíminn hafi lengst. Í öðru lagi aukist áhætta þeirra við það að fjármunum lánþega sé fyrst varið til greiðslu á yngra láni.

Greiðslu frá lánþega verði ekki ráðstafað af hálfu kröfuhafa fyrst til greiðslu á yngra láni án samþykkis ábyrgðaraðila að eldra láni. Því brjóti fyrir mæli 2. mgr. 18. gr. laga nr. 21/1992 gegn þeirri grundvallarreglu fjármunaréttarins, að kröfuhafa beri að ráðstafa móttæknum greiðslum frá skuldara fyrst til greiðslu á elstu skuldinni. Slík ráðstöfun sé því háð samþykki ábyrgðarmanna eigi hún að hafa áhrif á áhættu þeirra. Löggjafinn hafi kosið að leiða í lög ákvæði um frestun eldri lána og breytta greiðsluröð án þess að víkja að samþykki ábyrgðarmanna og því hafi setning 2. mgr. 18. gr. laga nr. 21/1992 ekki sjálfkrafa þau áhrif að efni ábyrgðarloforðs stefndu breytist eða áhætta hennar aukist. Hinir einhliða breyttu skilmálar um greiðslufrestun S-láns Guðmundar hafi því alfarið verið á áhættu og ábyrgð stefnanda.

Samþykki stefndu fyrir fyrrgreindum breytingum hafi verið nauðsynlegt í ljósi þeirrar meginreglu kröfuréttar að kröfuhafa sé með öllu óheimilt að breyta lánaskilmálum skuldara í óhag án þess að afla fyrst samþykkis hans. Eðli máls samkvæmt nái sú regla jafnt til ábyrgðarmanna, enda feli ábyrgð í sér íþyngjandi skyldu.

Stefnda byggir einnig á því að lögum verði ekki beitt afturvirkkt með íþyngjandi hætti. Yrði litið svo á að ábyrgð hennar héldist óbreytt á sama tíma myndi það hafa í för með sér íþyngjandi skyldu, sem fæli í sér ólöglegt inngríp í fjárhagsréttindi stefndu. Slíkt fái ekki staðist enda fæli það í sér brot gegn réttindum sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1994 og 1. gr. 1. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Stefnda hafnar því að hún hafi mátt eiga von á greiðslufresti á T-lánunum, í innheimtuflokkinum S-lán, á meðan nýrri R-lán Guðmundar voru greidd upp. Þegar stefnda gekkst í ábyrgð hafi verið í gildi lög nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, sem ekki hafi innihaldið sams konar ákvæði og finna má í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 21/1992. Stefnda hafi auk þess aldrei mátt eiga von á því að lögum yrði beitt afturvirktt henni í óhag af hálfu stefnanda sem stjórnvalds og félagslegrar lánastofnunar. Aukinheldur hefði þurft að fara fram nýtt mat á greiðslufærni Guðmundar við svo íþyngjandi ráðstöfun gagnvart ábyrgðarmanni.

Stefnda byggir enn fremur á því að krafa stefnanda sé fyrnd og fallin niður fyrir áhrif tómlætis. Það ábyrgðartímabil sem vikið sé að í stefnu sé máli þessu óviðkomandi, enda hafi krafan verið tæk til innheimtu samkvæmt skilmálum skuldabréfanna þegar þann 1. mars 1996. Stefnandi hafi hins vegar kosið að innheimta heldur nýrri skuld samkvæmt R-láninu með vísan til 2. mgr. 18. gr. laga nr. 21/1992 uns það var uppgreitt árið 2013 og innheimta hófst að nýju á T-lánunum. Ábyrgð stefndu hafi fallið úr gildi á árinu 2000, sbr. 4. tl. 3. gr. þágildandi laga nr. 14/1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Stefnda byggir jafnframt á því að stefnandi hafi ekki viðhaft eðlilega starfshætti opinbers lánveitanda er stofnað var til ábyrgðarinnar sem mál þetta varðar. Stefnandi hafi við þær aðstæður ekki gætt nægilega vel að greiðslugetu Guðmundar og vanrækt að upplýsa stefndu um lánshæfi hans sem og skyldur ábyrgðarmanna. Ákveðnar óskráðar starfsreglur gildi um lánveitendur á borð við stefnanda. Meðal þeirra sé sú skylda að skoða nægilega greiðslugetu lántakanda. Þá þurfi að tryggja að ábyrgðarmenn skilji örugglega hvaða skyldur þeir séu mögulega að taka sér á herðar og að þeir geti vitað hvort lántakandinn sé talinn borgunarmaður fyrir skuldinni. Sem dæmi megi nefna að ákveðnir viðskiptabankar og sparisjóðir hafi gert með sér samkomulag árin 1998 og 2001 sem hafi formfest starfsreglur af sama toga sem þeir hafi þó fylgt um árabíl. Þessar reglur hafi síðar verið lögfestar með lögum nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn. Stefnda byggir á því að vægari reglur um veitingu lánsábyrgða geti ekki hafa gilt um opinbera lánveitendur eins og stefnanda, sem þar að auki gegni samfélagslegu hlutverki.

Stefnda byggir og á því að lög nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, hafi gilt um kröfu stefnanda á hendur henni frá gildistöku þeirra laga þann 2. apríl 2009. Lögin hafi lagt ákveðnar skyldur á herðar stefnanda sem hann hafi ekki axlað gagnvart stefndu. Þannig hafi stefnandi ekki sent stefndu eftir hver áramót upplýsingar um stöðu lánveitinga sem ábyrgð stefndu hafi staðið fyrir og yfirlit yfir ábyrgðir, líkt og áskilið sé í d-lið 1. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009. Vanrækslan sé slík að hún teljist veruleg og skuli ábyrgðin því falla niður, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009.

Við veitingu umræddrar ábyrgðar hafi stefnda verið í kringum tvítugt. Almennt verði að teljast ólíklegt að einstaklingar á því aldursbili hafi slíkt fjármálalæsi að þeir geri sér grein fyrir því hvaða ábyrgð þeir séu í raun að takast á hendur við undirritun sjálfskuldarábyrgða. Við veitingu ábyrgðarinnar hafi stefnda verið í sambúð með Guðmundi. Við upphaf sambúðar þeirra hafi stefnda aðeins verið 16 ára gömul en Guðmundur þrítugur. Það hafi hallað mjög á stefndu í sambandinu, meðal annars sökum þessa aldursmunar. Þar að auki hafi verið erfitt að treysta því að Guðmundur gæti tekið þátt í því að halda heimili sökum óreglu og óreiðu í fjármálum. Undirritun stefndu undir ábyrgðaryfirlýsingarnar hafi verið hluti af örþrifaráðum í því skyni að tryggja framfærslu dóttur þeirra Guðmundar. Forsendur fyrir veitingu ábyrgðarinnar hafi því ekki verið þær að tryggja skaðlausar endurgreiðslur af láninu fyrir opinberan lánasjóð á borð við stefnanda. Forsendur að baki því að stefnda tókst á hendur þá ábyrgð sem mál þetta varðar séu brostnar.

Þá vísar stefnda til þess að ábyrgðaryfirlýsingin sé sjálfstæður samningur að lögum og henni beri að víkja til hliðar í heild sinni á grundvelli 33. og 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Stefnda byggir á því að af framangreindum ástæðum sé ósanngjarnt af hálfu stefnanda að bera fyrir sig ábyrgðina.

Varakrafa stefndu byggir á sömu málsástæðum og aðalkrafan. Því til viðbótar byggir stefnda á því að stefnanda hafi borið að færa endurgreiðslur Guðmundar á tímabilinu 1996-2013 til lækkunar á eldri lánveitingum, fyrst til þeirrar elstu og svo koll af kolli. Önnur niðurstaða sé ólögmat með vísan til fyrri umfjöllunar um skyldur lánveitenda gagnvart ábyrgðaraðilum. Óheimilt sé að láta umræddar

greiðslur lækka hverja T-skuldbindingu inni í svokölluðu S-láni hlutfallslega án þess að afla til þess fyrst samþykkis ábyrgðaraðila. Slíkt samþykki hafi stefnda ekki veitt. Stefnda hafi gengist í ábyrgð fyrir sjálfstæðum lánveitingum, þ.e. T-skuldabréfunum og ekki verði litið svo á að þau hafi sameinast með innheimtuaðferð LÍN.

Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því hverjar raunverulegar eftirstöðvar kunni að vera af þeim lánum sem stefnda er skráð sem ábyrgðarmaður fyrir. Stefnandi búi yfir þeim upplýsingum sem þörf sé á til að reikna þær fjárhæðir út. Sönnunarbyrði fyrir því verði ekki varpað yfir á stefndu, enda hafi hún ekki aðgang að sömu gögnum og stefnandi. Þá sé upphafsdagsetning vaxtakröfu óljós. Upphafsdagsetningin sé 11. maí 2014 samkvæmt stefnu, en gjaldfelling skuldabréfsins hafi fyrst verið tilkynnt stefndu með bréfi þann 14. apríl 2014. Stefnandi geti í fyrsta lagi að liðnum 30 dögum frá þeirri dagsetningu krafist dráttarvaxta.

Stefnda vísar til stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, einkum 72. gr., og mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, einkum 1. gr. 1. sammingsviðauka. Þá er vísað til meginreglna fjármuna-, kröfu- og samningaréttar, sem og 33. og 36. gr. laga nr. 7/1936. Enn fremur er vísað til laga nr. 72/1982, laga nr. 21/1992, laga nr. 32/2009, eldri laga nr. 14/1905 og laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Krafa um málskostnað er byggð á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafan feli jafnframt í sér kröfu um virðisaukaskatt á grundvelli laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

IV.

Við aðalmeðferð málsins gaf skýrslu Guðmundur R. Lúðvíksson.

Stefnandi höfðar þetta mál til innheimtu á skuld vegna námslána sem Guðmundur tók á árunum 1988 til 1991. Stefnda gekkst undir ábyrgð á greiðslu átta T-skuldabréfa eins og fyrr er rakið. Öll skuldabréfin eru með samhljóða stöðluðum skilmálum. Þar er meðal annars tekið fram að endurgreiðsla skyldi hefjast þremur

árum eftir námslok en stjórn stefnanda skyldi ákveða hvað teldist vera námslok í þessu sambandi. Endurgreiðslum skyldi ljúka ekki síðar en 40 árum eftir að þær hæfust og væru eftirstöðvar lánsins þá óafturkræfar. Endurgreiðslur skyldu standa yfir í fimm ár hið skemmsta. Þá segir að stjórn stefnanda sé „heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum lánþega milli ára“.

Á þessum tíma giltu um starfsemi stefnanda lög nr. 72/1982. Í 1. mgr. 8. gr. laganna voru ákvæði um árlega endurgreiðslu sem skyldi ákvarða í tvennu lagi, annars vegar fasta greiðslu sem skyldi innheimt á fyrri hluta árs og hins vegar viðbótargreiðslu sem skyldi innheimt á síðari hluta ársins og væri háð tekjum fyrra árs, eftir nánari fyrirmælum í 2. og 3. mgr. sömu greinar. Ákvæði um endurgreiðslutíma og undanþágu frá árlegri endurgreiðslu, sama efnis og fyrrgreind ákvæði skilmála skuldabréfanna, var að finna í 7. og 8. gr. laganna. Í 5. mgr. 8. gr. var meðal annars tekið fram að stjórn stefnanda væri heimilt að veita undanþágu frá fastri árgreiðslu samkvæmt 2. mgr. ef tilteknað aðstæður, meðal annars nám, yllu verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

Lög nr. 72/1982 voru leyst af hólmi með nágildandi lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Í breytingatillögu meirihluta menntamálanefndar við frumvarp sem varð að lögum nr. 21/1992 var meðal annars lögð til sú breyting á 18. gr. frumvarpsins að væri skuldari samkvæmt lögumum jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skyldi hann fyrst endurgreiða að fullu lán sem tekin væru samkvæmt nýju lögumum, en greiðslur af eldri námsskuldum skyldu frestast þar til lán samkvæmt þeim lögum væru að fullu greidd. Í nefndaráliti meirihlutans var þessi tillaga ekki rökstudd. Breytingatillaga meirihluta menntamálanefndar var samþykkt og var frumvarpið svo breytt samþykkt sem lög nr. 21/1992. Ákvæði 18. gr. laga nr. 21/1992 var einnig breytt með 11. gr. laga nr. 67/1997, en sú breyting varðar einungis endurgreiðsluhlutfall námslána. Með 6. gr. laga nr. 140/2004 var 18. gr. laga nr. 21/1992 breytt og nýrri málsgrein, 2. mgr. bætt við greinina, þar sem kveðið er á um að skuldi lánþegi námslán sem var úthlutað á árunum 1992–2004, svokallað R-lán, og jafnframt námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skuli hann fyrst endurgreiða að fullu R-lánið og frestist greiðslur af eldri námsskuldum þá þar til R-lánið sé að fullu greitt. Hin nýja málsgrein kom inn í frumvarpið með breytingatillögu

menntamálanefndar. Í áliti nefndarinnar kom fram að ætlunin með 6. gr. frumvarpsins væri að setja fram reglu sambærilega þeirri sem væri þá í 18. gr. laganna þess efnis að námsmenn lykju við að endurgreiða fyrst svokölluð R-lán áður en endurgreiðsla á öðrum lánaflokkum ætti að hefjast og væri því lagt til að 6. gr. frumvarpsins yrði breytt til samræmis við það.

Eins og fyrr greinir sameinaði stefnandi veitt T-námslán Guðmundar og gaf þeim nýtt sameiginlegt númer, S-941652. Samkvæmt lýsingu stefnanda á þessari aðgerð verður ekki annað séð en að hér sé um innheimtuaðferð að ræða sem hann telur sér og stefndu til hagræðis. Burtséð frá því hvort þessi aðferð fái stuðning í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 72/1982 eða í reglugerð nr. 578/1982, eins og stefnandi byggir á, er ljóst að mati dómsins að hún megnar ekki að breyta ákvæðum í skuldabréfum vegna T-lána en stefnda gekkst í ábyrgð fyrir þeim skuldum og skilmálum þeirra skuldabréfa verður ekki breytt nema með samþykki ábyrgðarmannsins eða a.m.k. með einhverjum atbeina hans, enda ábyrgðarsamningurinn sjálfstæður samningur. Ekki verður betur séð en að óumdeilt sé að aldrei hafi verið leitað eftir slíku samþykki.

Í samræmi við ofangreind fyrirmæli 18. gr. frestaði stefnandi innheimtu S-lánsins á meðan R-lán Guðmundar var í innheimtu frá 1997 til 2012. Hvorki í 18. gr. laga nr. 21/1992, bæði fyrir og eftir þá breytingu sem gerð var á ákvæðinu með 6. gr. laga nr. 140/2004, né þeim lögskýringargögnum sem áður eru rakin, er tekin afstaða til þess hvernig fari um ábyrgð ábyrgðarmanns að námsláni við slíka frestun og ekki sjáanlegt að um það atriði sé fjallað. Sú niðurstaða verður þannig ekki leidd af 18. gr. að ábyrgð stefnda á láninu frestist, án þess að sérstakt samþykki hans komi til, enda er þar ekki getið um skyldur ábyrgðarmanna eins og fyrr segir. Er þannig ekki fallist á, að stefnandi hafi í raun einhliða getað breytt skilmálum ábyrgðarsamningsins stefndu í óhag, þrátt fyrir lagafyrirmæli um það hvernig innheimtu lánsins skyldi háttáð og skyldu stefnanda í þeim efnis. Sú frestun á greiðslum á námslánum sem tekin voru samkvæmt lögum nr. 72/1982 sem lögfest var með 18. gr. laga nr. 21/1992, nú 2. mgr. sömu greinar, var ekki í samræmi við skilmála þeirra T-skuldabréfa sem Guðmundur gaf út og stefnda gekkst í sjálfskuldarábyrgð fyrir, né 5. mgr. 8. gr. laga nr. 72/1982, enda var þar mælt fyrir um almenna frestun greiðslna allra lánþega sem féllu þar undir. Löggjafanum hefði verið í lófa lagið, hefði hann talið slíkt heimilt gagnvart ábyrgðarmönnum, að

kveða afdráttarlaust á um þessi atriði við lögfestingu 18. gr., enda ábyrgðin þá orðin til muna meira íþyngjandi fyrir ábyrgðarmann en áður hafði verið.

Það athugist að með þeirri breytingu sem gerð var með 18. gr. laga nr. 21/1992, nú 2. mgr. 18. gr. sömu laga, var mælt fyrir um greiðsluröð námslána sem stefnandi veitir, þannig að stefnanda var gert að innheimta R-lán Guðmundar á undan S-láninu, þrátt fyrir að fyrrnefnda lánið hafi verið veitt síðar. Fyrir liggur að stefndi Guðmundur greiddi fyrstu afborgun af sameinaða S-láninu 1. mars 1996 og af R-láninu frá 1997 til 2008. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins hversu háar afborganir Guðmundur hefði ella verið krafinn um af S-láninu á þessu tímabili. Að mati dómsins verður að ganga út frá því að Guðmundur hefði staðið í skilum með slíkar afborganir, en meta verður vafa þar um stefndu í hag. Hefði Guðmundur greitt umkrafðar afborganir S-lánsins á þessu tímabili hefði krafa stefnanda samkvæmt láninu lækkað og þar með sú krafa sem stefnda er í sjálfskuldarábyrgð fyrir. Fallast verður á það með stefndu að með framangreindri lagasetningu hafi verið gripið inn í fjárhagsleg réttindi stefndu sem njóta verndar samkvæmt 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og sem ekki verði skert með afturvirkri og íþyngjandi löggjöf, sbr. dóm Hæstaréttar í málunum nr. 549/2002 og 242/2010. Þótt ekki sé dregið í efa að 2. mgr. 18. gr. hafi stjórnskipulegt gildi og hafi verið sett með réttum hætti verður ákvæðinu því ekki beitt gagnvart stefndu.

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, fer um fyrningu á kröfu stefnanda eftir eldri lögum nr. 14/1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Í skilmálum umræddra T-skuldabréfa er mælt fyrir um lögtaksheimild ef skuld samkvæmt bréfunum fellur í vanskil. Stefnanda var sömuleiðis með 3. mgr. 9. gr. laga nr. 72/1982 veittur lögtaksréttur fyrir vangoldnum endurgreiðslum af skuld og gjaldfelldum eftirstöðvum námslána. Í þeim skuldabréfum sem stefnda ritaði undir sem ábyrgðarmaður var svohljóðandi ákvæði: „Standi lántaki ekki í skilum með greiðslu afborgana á réttum tíma er lánið allt gjaldfallið án uppsagnar.“ Samkvæmt 3. tl. 3. gr. síðarnefndu laganna fyrnist krafa stefnanda á hendur Guðmundi á fjórum árum, sbr. dóm Hæstaréttar 2. desember 2010 í máli nr. 242/2010. Samkvæmt 4. tl. 3. gr. fyrnist krafa stefnanda á hendur stefndu á fjórum árum. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laganna telst fyrningarfrestur frá þeim degi er krafa varð gjaldkræf. Fyrir liggur að fyrsta afborgun kröfunnar var á gjalddaga 1. mars 1996 og var greidd, en síðar frestaði

stefnandi innheimtu kröfunnar samkvæmt 18. gr. laga nr. 21/1992 þar til hann hóf aftur innheimtu hennar. Fyrsti gjalddagi S-lánsins eftir þessa frestun innheimtu var 1. mars 2013 og féll lánið þegar í vanskil. Stefnandi gjaldfelldi hins vegar ekki lánið fyrir en 11. apríl 2014 og það reyndar þrátt fyrir að Guðmundur R. Lúðvíksson hafi hætt greiðslum 2009. Eins og fyrir segir er hvorki í 18. gr. laga nr. 21/1992, bæði fyrir og eftir þá breytingu sem gerð var á ákvæðinu með 6. gr. laga nr. 140/2004, né fyrrgreindum lögskýringargögnum, tekin afstaða til þess hvernig fari um ábyrgð ábyrgðarmanns að námsláni við slíka frestun, þar á meðal hvaða áhrif frestunin hafi á upphaf fyrningarfrests gagnvart ábyrgðarmanni, og verður að skýra slíka óvissu stefndu í hag. Verður því að fallast á það með stefndu að miða beri upphaf fyrningarfrests við 1. mars 1996 og að stefnda hafi mátt vera í góðri trú um að skuldari stæði í skilum með greiðslur af láninu. Samkvæmt því er ljóst að krafa stefnanda á hendur henni féll niður fyrir fyrningu á árinu 2000 eða í síðasta lagi fjórum árum eftir að frestun afborgana á S láninu féll niður vegna seinna náms skuldara. Frestun byggðist í framhaldi á innheimtu á R-láninu sem hófst 1. mars 1997. Verður stefnda því sýknuð af kröfu stefnanda.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 900.000 krónur.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefnda, Guðrún Axelsdóttir, er sýknuð af kröfum stefnanda, Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Stefnandi greiði stefndu 900.000 krónur í málskostnað.

Lárentsínus Kristjánsson